



193. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 9. mars 2017 kl. 09:30.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir (fulltrúi foreldra), Jón Hjartarson (mætti ekki), Jón G. Valgeirsson, Olga Lísía Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Sigþór Constantin Jóhannsson (fulltrúi nemenda) Sigþrúður Jónsdóttir (mætti ekki) og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra D. Gunnarsdóttir formaður skólanefndar setti fundinn og bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 192. fundar var samþykkt án athugasemda.

2. Starfamessa 14. mars/kynning á FSu

Olga Lísía kynnti væntanlega starfamessu sem verður haldin þriðjudaginn 14. mars í Odda og Hamri. Grunnskólanemendur mæta og fara í ratleik í tengslum við kynninguna. Framhaldsskólanemendur úr ML og FÍV koma á messuna. Alls eru 30 fyrirtæki sem taka þátt, kynna sig og starfsemi sína. FSu kemur til með að kynna námsframboð sitt. Klukkan 16:00 verður opið hús fyrir gesti og gangandi. Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með þetta framtak.

3. Vígsla Hamars

Vígsla Hamars verður þriðjudaginn 14. mars kl. 16:00 í smiðjunni í Hamri. Dagskráin verður þannig að skólameistari opnar hátíðina, ráðherra fær orðið sem og formaður SASS. Skólanefnd styður það að prestur komi og tengi húsið við góðan anda. Ræða þarf við byggingarverktaka vegna vígslunnar. Veitingar verða bornar fram.

4. Heimavist – fréttir af ferð á austursvæðið

Skólameistari fór til Víkur og Kirkjubæjarklausturs og ræddi við sveitastjórnarmenn vegna heimavistarmála. Spurning er hvort möguleiki sé til notkunar á heimavist að Laugarvatni fyrir nemendur frá austursvæðinu sem vilja stunda nám í FSu. Spurning hve margir koma til með að sækja um leigu á Eyraveginum á haustönn 2017 þ.e. í íbúðinni sem skólinn er með á leigu.

5. Önnur mál:

A. Heimasíða FSu

Skólameistari opnaði heimasíðu skólans og sýndi hvernig síðan er uppsett og ýmislegt sem er inni á henni. Olga Lísía vakti athygli á ýmsu sem tengdist síðunni.



B. Fréttir af félagslífinu

Sigþór sagði frá því helsta sem tengdist félagslífinu. Hann talaði aðeins um Káta daga og Flóafár. Hann sagði frá fyrirhugaðri þátttöku í „Gettu betur“ 17. mars í sjónvarpinu. Verið er að framleiða nýjar skólapeysur sem fyrirhugað er að selja og hafa nú þegar tæplega 200 pantað peysur. Framundan eru kosningar til nemendaráðs í mars og stjórnarskipti fara fram í lok apríl.

Þetta mun vera síðasti fundur núverandi skólanefndar því væntanlega verður búið að skipa nýja nefnd næst. Öllum er þakkað fyrir góð störf í þágu skólans og ánægjulegt samstarf. Skólanefndarmenn þökkðu einnig fyrir samstarfið og óskuðu skólanum alls góðs í framtíðinni.

Ekkert var ákveðið með næsta fund vegna þess að ekki er búið að skipa í nýja skólanefnd.

Fundi slitið kl. 10:55
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson